

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 120 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 9.60 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 4.80 á brúttórúmllest.
- c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 9.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 640.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 3 200.00.

Gjaldddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 4.80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 518.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjaldddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1 920.00 fyrir hvert skip, auk kr. 4.80 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 400.00 í hafnsögunsjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 175.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 370.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 100.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 80.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 14. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum sem hér fara á eftir:

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, sem sambærilegt telst þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt.

Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna- og holræsaðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbygginga skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

1. Einbýlishús á einni hæð	2.0%
2. Einbýlishús á tveimur hæðum og tvíbýlishús	1.7%
3. Raðhús á einni hæð	1.4%
4. Raðhús á tveimur hæðum og fjölbýlishús með 3—4 íbúðum	1.2%
5. Fjölbýlishús og bílgeymslur	0.8%
6. Verslunar- og skrifstofubyggingar, opinberar byggingar	2.0%
7. Iðnaðarhúsnæði, vörugeymslur, annað húsnæði	0.8%

Af kjöllurum, rishæðum og jarðhæðum sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar skal greiða hálf gjald.

Gjald skal miða við stærð húss, samkv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirbyggjandi uppdráttur og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulaginu, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús	500 m ³
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall